



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd

Kópavogi, 9. október 2025.  
Málsnr. 1910005/PBG

### **Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til fjárlaga 2026, 1. mál.**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vilja með umsögn þessari um frumvarp til fjárlaga 2026 leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

#### **Samgöngusáttmálinn**

Uppfærslu Samgöngusáttmálans var lokið í ágústmánuði 2024 með gerð viðauka við sáttmálann og samkomulags um rekstur almenningssamgangna og fleiri þátta sem uppfærslan fjallaði um. Ekki verður annað séð en fjármögnun viðaukans og samkomulagsins eigi sér stoð í fjárlögum ársins 2026. Er því fagnað sérstaklega.

Bent er á að horfa þarf til hækkandi verðlags þegar framlög eru sett fram í áætlanagerð og fjárlögum ríkisins.

#### **Börn með fjölþættan vanda**

Í mars 2025 var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þar sem kveðið var á um að ríkið tæki yfir ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Með því var stigið mikilvægt skref til að tryggja samfellda og sérhæfða þjónustu sem byggir á heildarsýn og jafnræði, óháð búsetu fyrir þennan hóp barna og fjölskyldna þeirra.

Það er því grundvallaratriði að fjárlög 2026 endurspegli að fullu þær skuldbindingar sem ríkið tók á sig með samkomulaginu. Þannig verði tryggt að:

1. Nægilegt fjármagn sé til staðar til að byggja upp og reka þjónustu við börn með fjölþættan vanda í samræmi við áætlanir samkomulagsins sem leiðir til lækkunar útgjalda sveitarfélaga um 3 ma. kr. á ári.
2. Framkvæmd þjónustunnar verði tryggð með skýrri ábyrgðarskiptingu og aðgengi að sérhæfðum úrræðum sem mæta bæði þörfum barna og fjölskyldna þeirra.
3. Samræmd eftirfylgni og mat á framkvæmd sé tryggð, þannig að sveitarfélög og ríki geti í sameiningu fylgst með árangri og úrbótum á þjónustunni.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leggja áherslu á að fjármögnun í fjárlögum 2026 sé í samræmi við umfang og eðli verkefnisins, enda er þetta eitt mikilvægasta velferðarmálið sem ríki og sveitarfélög hafa sameinast um að leysa. Skortur á fjárveitingum myndi grafa undan markmiðum samkomulagsins og hafa alvarlegar afleiðingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra.



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

### **Kostnaður vegna þjónustu við fatlað fólk**

Á 156. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Frumvarpið náði ekki fram að ganga og hefur nú verið endurflutt á yfirstandandi þingi. Telja SSH rétt að árétta þær athugasemdir sem samtökin sendu frá sér við upphaflegan flutning þess frumvarps.

Aðildarsveitarfélög SSH hafa mikinn metnað til að sinna þjónustu í þessum málaflokki vel og styðja heils hugar að fatlað fólk njóti mikilvægra réttinda. Til þess að svo megi verða verður hins vegar að tryggja að fjármagn frá ríkinu til málaflokksins sé til samræmis við þjónustuna.

Í því samhengi er rétt að byrja á að árétta að sveitarfélögin greiða nú þegar milljarða króna árlega til málaflokksins umfram tekjustofna og framlög frá ríkissjóði en sem dæmi má nefna að á árinu 2023 var mismunur á útgjöldum og mörkuðum tekjum 13,8 milljarðar króna, en um 10 milljarðar á árinu 2024. Liggja einnig fyrir greiningar SSH sem sýna fram á að uppsafnaður halli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna málaflokksins hafi numið um 42 milljörðum króna vegna árána 2018 til 2022. Á grundvelli þessa hefur verið ákall um að rekstur málaflokksins verði leiðréttur.

Með umfjöllun um mat á áhrifum frumvarps um lögfestingu samningsins kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Segir þá einnig að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga, umfram það sem nú þegar leiðir af skyldum sveitarfélaga til að tryggja réttindi fatlaðs fólks, þar sem lögfesting samningsins feli ekki í sér ný efnisréttindi heldur að hann verði fullgild réttarheimild. Segir jafnframt að ómögulegt sé að segja til um hver áhrif lögfestingar geti orðið á dómaframkvæmd. Fór því ekkert kostnaðarmat, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, fram í tengslum við frumvarpsgerðina.

Þrátt fyrir framangreint segir beinlínis í athugasemdum með frumvarpinu að markmið lögfestingarinnar sé að auka réttaráhrif samningsins hér á landi. Má þá ætla að fatlaðir einstaklingar geti byggt ríkari rétt á ákvæðum samningsins eftir að hann hafi verið löggiltur, heldur en hægt er að halda frammi á grundvelli fullgildingar hans. Tvíeðliskeningin, sem er í gildi hér á landi, miðar enda við það að svo að alþjóðasamningar hafi bein réttaráhrif þurfi að lögfesta þá. Jafnvel þó löggjöf hafi verið löguð að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur ekki verið framkvæmd nein sérstök greining á því að hvaða leyti samningurinn kann við lögfestingu hans að veita ríkari rétt en nú er kveðið á um í landslögum. Í athugasemdum frumvarpsins um tilefni og nauðsyn lagasetningar segir þá að með henni verði tryggt að hægt sé að beita samningnum sem fullgildri réttarheimild fyrir dómstólum, sem hafi í einhverjum tilvikum tekið mið af því í úrlausnum sínum hingað til að samningurinn hafi ekki verið lögfestur. Af framangreindu má einmitt telja að lögfesting samningsins geti leitt til ríkari réttar til þjónustu og þar með aukins kostnaðar, þó ekki liggi fyrir hver umfangsmikil fjárhagsleg áhrif af lögfestingu hans kunni að verða, enda fór kostnaðarmat sem fyrr segir ekki fram.

Er á grundvelli ofangreinds enn mikilvægara en áður að ávarpa þann halla sem verið hefur rekstri málaflokksins og telja SSH brýnt að huga að frekari kostnaðargreiningu hans svo og fjármögnun.

### **Sóknaráætlanir landshlutanna**

Sóknaráætlanir landshlutanna eru lykilverkfæri í því að efla svæðisbundna þróun og styðja við innviði, atvinnulíf, menningu, umhverfismál og nýsköpun um land allt. Þessar áætlanir gera hverjum landshluta



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

kleift að móta sértækar aðgerðir í takt við staðbundin tækifæri og áskoranir, sem stuðlar að aukinni sjálfbærni og jafnvægi á milli svæða. Með því að draga úr framlögum um 120 milljónir króna í fjárlögum 2026 er hætta á að mörg mikilvæg verkefni fái ekki þann stuðning sem þau þurfa til að ná fram að ganga. Þetta getur haft neikvæð áhrif á fjölbreytni atvinnulífs, nýsköpun og þjónustu við íbúa á svæðunum um land allt.

Á árinu 2024 unnu landshlutasamtökin að nýjum sóknaráætlunum fyrir tímabilið 2025-2029 sem nú hafa verið samþykktar. Í janúar sl. undirrituðu landshlutasamtökin nýja fimm ára samninga um sóknaráætlanir við þrjú ráðuneyti, þ.e. innviðaráðuneyti, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Í samningunum er m.a. kveðið á um að samningsaðilar skuldbindi sig til að vinna að því að auka ráðstöfunarfé til samningsins á samningstímanum. Með tilliti til framangreinds ættu skilaboð stjórnvalda þvert á móti að vera í þá átt að efla sóknaráætlanir umtalsvert enda hefur árangurinn af þeim síðustu ár verið óumdeildur. Á grunni sóknaráætlunar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd áhersluverkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir hvers landshluta fyrir sig eru hafðir að leiðarljósi og þar með valdefling nær samfélaga.

### **Endurgreiðsla virðisaukaskatts af mikilvægum innviðaframkvæmdum**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur í störfum sínum að undanförunu lagt áherslu á þau skilaboð að sveitarfélögin fái til baka virðisaukaskatt af mikilvægum innviðaframkvæmdum í samræmi við það sem sveitarfélög á Norðurlöndum búa við. Með því væri hægt að vinna á innviðaskuld þar sem við á, ráðast í nýframkvæmdir og styðja við uppbyggingu íbúðahúsnæðis. SSH taka skýrt undir þetta áhersluatriði Sambandsins.

### **Gjaldfrjálssar skólamáltíðir í grunnskólum**

Með lögum nr. 75/2024 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga var kveðið á um að við tekjur Jöfnunarsjóðs bætist árlegt framlag úr ríkissjóði sem sjóðurinn úthluti til þeirra sveitarfélaga sem bjóða upp á gjaldfrjálssar skólamáltíðir. Er í greinargerð gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs nemi 75% kostnaðar vegna skólamáltíða allra grunnskólabarna. SSH vilja áréttta þörf þess að gert sé ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlögum svo og því að fjárhæð framlagsins fylgi raunkostnaði og verðlagsbreytingum hverju sinni.

Virðingarfyllst,  
f.h. SSH

Páll Björgvin Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri SSH